

Umsögn um tillögu til þingsályktunar skv. þingskjali 128 um fullan aðskilnað ríkis og kirkju og nýja heildarlöggjöf um starfsemi trú- og lífsskoðunarfélaga.

Sendandi: Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík d.s. 31.10.19

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík fagnar framkominni þingsályktunartillögu sem býður upp á löngu tímabæra umræðu í samfélaginu um kristni, kirkju og jafnræði allra trúar- og lífsskoðunarfélaga á Íslandi.

Lýst er yfir fullum stuðningi við framlagningu þeirra frumvarpa sem tillagan gerir ráð fyrir.

Greinargerð með umsögn

Hið samofna samband sem ríkir milli ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar byggir á samkomulagi sem til varð við yfirfærslu kirkjujarða til íslenska ríkisins sem áður voru eign dönsku ríkiskirkjunnar. Þjóðkirkjustofnunin sem til varð með stjórnarskránni frá 1874 sat ein að þeim réttindum sem til urðu við yfirfærslu þessarar jarða. Þeir Íslendingar sem kusu að tilheyra öðrum kristnum söfnum í landinu urðu af þeim réttindum sem þarna skiptu um hendur. Með kirkjujarðarsamkomulaginu tryggði ríkið laun presta og njóta þeir enn réttinda sem opinberir starfsmenn. Jafnframt hefur þjóðkirkjan aðgang að opinberu fjármagni til reksturs á stjórnarsýslu stofnunarinnar. Ekki gilda þessi fríðindi fyrir aðra frjálsa söfnuði og lífsskoðunarfélög í landinu. Það trúfrelsi sem tryggt er með stjórnarskránni dugar því ekki til að tryggja trúarlegt jafnræði þegnanna.

Umræða um lýðræðisvæðingu kirkjunnar hófst fljótlega eftir komu stjórnarskrárinnar 1874 og átti kirkjan að skipuleggja sín eigin mál og verða fjárhagslega sjálfstæð. Þingsályktunartillagan er í þeim sama anda og miðar að því að tryggja bæði sjálfstæði þjóðkirkjunnar og jafnræði milli allra kristinna söfnuða og lífsskoðunarfélaga.

Sóknargjöld hafa rýrnað að verðgildi sínu um 45% frá 2009. Þessi gjöld tryggja starfsemi allra kirkjusókna á landinu og alla starfsemi skráðra trúar og lífsskoðunarfélaga. Það er þessari starfsemi allri mikil nauðsyn að sóknargjöldin verði greidd skv. gildandi lögum og að þau innheimtist áfram með sama hætti og verið hefur. Með réttum sóknargjöldum getur ríkið smám saman hætt beinum greiðslum til þjóðkirkjunnar og jafnað þannig allan aðstöðumun sem felst í núverandi fyrirkomulagi. Með óbreyttri innheimtu sóknargjalda er starfsemi trúar og lífsskoðunarfélaga jafnframt tryggð en þeim er ókleyft að annast sjálf þessa innheimtu og starfsemi þeirra yrði fyrir óbætanlegu tjóni hætti ríkið þessari innheimtu.

Kristin trú og siðfræði er grundvöllur íslensks samfélags og er mótvægi við vaxandi veraldarhyggju og andkirkjustefnu. Mikilvægt er að ríkisvaldið verndi og styðji allt starf trúar- og lífsskoðunarfélaga með jafnræði í huga, en starf þeirra er óaðskiljanlegur hluti af íslenskri menningu.